

Intercession – Fyrirbæn

Ævisaga Rees Howells

Höf: Norman Grubb 1952

Kafli 34

Fyrirbæinir vegna Dunkirk

Á fjögurra ára tímabili fyrir upphaf síðari heimsstyrjaldar, breytti Drottinn þeirri bænabyrði sem hvíldi á Rees Howells, frá því að snúast um staðbundin málefni – einkanlega málefni biblíuskólans, yfir í málefni þjóðarinnar og alþjóðamál. Eða eins og Rees orðaði það: „Þá varð heimurinn okkar söfnuður og við vorum leidd til að taka ábyrgð á því að biðja fyrir löndum og þjóðum.“ Við höfum einnig séð hvernig Drottinn var að undirbúa hópinn í skólanum til að verða sérstakt fyrirbænaverkfæri, vegna komandi hörmunga í heiminum.

Það var í mars árið 1936, að Rees fór að sjá greinilega að Hitler var sérlegur þjónn Satans, til að hindra að fagnaðarerindið næði til allra. Eins og hann orðaði það síðar: „Í baráttunni við Hitler, áttum við ekki við mann heldur djöful. Mússólíní er maður, en Hitler er allt annað. Hann getur sagt frá þeim degi, þegar ‚andinn‘ kom inn í hann.“ Í nokkur ár undirstrikaði Rees þá staðreynd að Guð yrði að eyða Hitler, ef sú sýn að fagnaðarerindið myndi að fara út til allra þjóða, ætti að verða að veruleika.

Í byrjun hélt Rees að Guð myndi hindra að stríð brytist út. Við höfum þegar séð hvernig skólinn barðist á hnjúnum meðan samningaviðræðurnar í München fóru fram og hvernig menn höfðu trú á því að friður héldist. Þegar óveðursskýin yfir Evrópu urðu þykkari, trúði Rees enn að Guð myndi skerast í leikinn og hindra stríð. Hann stóð við þessa skoðun, allt þar til stríði var lýst yfir milli Bretlands og Þýskalands 3. september árið 1939. Jafnvel þá varð honum ekki haggð.

Þó að fólk segði að hann hefði haft á röngu að standa, þá þakkaði hann Guði fyrir að hafa tekið þessa afstöðu. Hann sagði: „Ef ég hefði aftur tækifæri til að taka afstöðu, með eða móti stríði, þá myndi ég aftur vera á móti.“ Það verður að ryðja Hitler úr vegi, því annars verður hann búinn að leiða heiminn í stríð innan tveggja ára. Ég vil vera viss um að Heilagur andi í okkur sé sterkari en djöfullinn sem stendur að baki Nasistum. Þetta er barátta aldanna og sigur mun þýða líf og frelsi fyrir milljónir manna.

Daginn sem stríði var lýst yfir, gaf Rees út eftirfarandi yfirlýsingu:

„Drottinn hefur látið okkur vita, að Hann mun eyða Hitler og stjórn Nasista, svo að heimurinn megi vita að það er Guð og Guð einn, sem hefur fjarlæggt einræðisherrana. Fyrir þremur og hálfu ári, þá bað skólinn fyrir þessu í vikur og mánuði og við trúum því staðfastlega að Hann muni svara henni nú. Guð hefur einangrað Þýskaland, svo að Hann geti tekist á við kerfi hins illa, sem er Antikristur, og frelsa Þýskaland, land siðbótarinnar. Hann mun eiga við Nasista eins og hann átti við her Egypta á tímum Móse. Guð mun sjá til þess að Hitler falli á vígvelli eða vegna uppreisnar.

Enn sem komið var, hafði stríðsyfirlýsingin aðeins stappað stálinu í Rees og þau sem með honum voru, að biðja enn meira á hnjúnum.

Þau voru nú kölluð á nýjan hátt til að greiða það heit, sem þau höfðu gefið fyrir þremur árum síðan – að gefa líf sitt algjörlega „til þess að heyja stríð í andanum fyrir ríki Guðs, nákvæmlega eins og þau

hefðu verið kölluð á Vesturvígstöðvarnar.“ Þessi afstaða þeirra gegn stríðinu, var tekin í trú svo að Fagnaðareriendið yrði ekki hindrað, og reyndist vera leið Guðs til að setja á þennan hóp ábyrgð, sem þau gátu ekki losnað við, fyrr en sá óvinur sem Guð var að eiga við, hafði verið gjöreyddur.

Þegar stríðið hafði staðið í einn mánuð, kom friðartilboð frá Hitler. Skólinn stóð einhuga með forsætisráðherra Bretlands, sem sagði að stríðið yrði að halda áfram, þar til Hitlerisma hefði verið kollvarpað.

Sannfæring hópsins í skólanum, kom greinilega í ljós nokkrum vikum síðar í nafni bókar sem gefin var út í Desember árið 1939, en hún hét: „*Guð stendur gegn einræðisherrunum – spáð er dómi yfir Nasistum.*“ Guð Daníels mun frelsa pastor Niemöller og mörg hundruð trúaðra Þjóðverja, sem hafa fylgt honum í útrýmingarþúðirnar. Hlutskipti þeirra, mun dag einn verða hlutskipti leiðtoga Nasista, ef einhverjir þeirra hafa komist undan skjótum dauða.

Eftir ákæru yfir Mússólíní sagði hann: „Þegar sigurinn yfir Þýskalandi verður að veruleika, þá á einnig að láta Eþíópíumenn fá land sitt aftur, þannig að landsmenn geti eignast trúna.“

Hann lýsti því einnig yfir að: „Bolshevismi og Sovét-Rússland væru tæki í áætlun Guðs, til að brjóta niður hina illu stjórn Nasista.“ En um Stalín sagði hann: „Djöfullinn hefur notað Stalín og mun enn nota hann til að verða mesti andstæðingur kirkjunnar, sem heimurinn hefur þekkt.“

Þótt Rees væri sannfærður um að Guð myndi taka í taumana og höndla óvinina, þá skrifaði hann samt: „...það má vera, að áður en að því kemur, munum við bíða marga ósigra, ... það má vera að líkt og hjá Ísraelsmönnum, þá munum við þurfa að hrópa á Drottinn af öllum mætti, eftir hjálp og hún mun vissulega koma.“

Það er stórmerkilegt að lesa þetta og sjá að þetta var á prenti fyrir árslok árið 1939.

Stuttu síðar, þá viðraði Rees skoðanir sínar í blaði sem hét „*The Western Mail*“ og kom út 8. janúar 1940, undir fyrirsögninni „**Biblískólástjóri í Wales hvetur til bæna til að stöðva stríð.**“ Blaðið hafði eftir honum. „Ef allir réttlátir í landinu biðja heitar bænir, teljum við víst að við munum sigra og geta opnað allt hér í þorpinu Penllergaer án stríðs eða myrkvunar fyrir annan í Páskum. Hvílikur léttir það yrði fyrir milljónir manna, ef Guð myndi skerast í leikinn og enda stríðið fyrir næstu Páska.“

Rees vissi ekki, að dagarnir kringum næstu Páska (12. maí 1940), myndu verða einhverjir þeir erfiðustu í sögu Þjóðarinnar og það næsta sem Bretar hefðu komist því, að verða fyrir innrás, síðastliðin 400 ár.

Það var 10. maí, sem vélaherdeildir Hitlers, brutust inn í Holland og Belgíu og 29. maí, var sá dagur sem Bretar myndu aldrei gleyma, þegar þeir þurftu að flytja burt herinn frá Dunkirk og stuttu síðar flutti Churchill hina frægu ræðu um „blóð, svita og tár.“

Þrátt fyrir þennan alvarlega ósigur að því er virtist, þá sjáum við í dagbókum skólans, að það voru haldnar bænasamkomur þrisvar á dag flesta dagana. Þarna var hópur fólks, sem hvorki var hræddur né biðjandi í miklum móð, heldur fullviss um að þau stæðu þá þegar á orrustuvelli sigursins, þegar allt um kring var fólk að missa móðinn af ótta. Og hvað gaf þeim svo skíra fullvissu, að þau ættu sigurinn, meðan allt í hinu ytra virtist vera að hrynja,

Ef við segjum að Guð hafi ekki verið með þeim, þá getum við spurt okkur sjálf, hvort annarsstaðar í Bretlandi eða Ameríku, hafi verið fólk Guðs — annar slíkur hópur, ef til vill rúmlega hundruð að tölu, sem voru á hnjúnum dag eftir dag og héldu fast í sigurinn fyrir trú, meðan hermenn Breta hörfuðu

kílómetra eftir kílómetra, heilu löndin gáfust upp og óvinirnir gátu séð takmark sitt með berum augum?

Frá þessum tíma og öll stríðsárin, þá var bænastund í skólanum á hverju kvöldi frá kl. 19 til miðnættis, en gert var stutt hlé fyrir náttverð. Þau misstu aldrei einn einasta dag úr. Þetta var til viðbótar við hina klukkustundarlöngu bænastund á hverjum morgni og einnig var oft bænastund í hádeginu. Það komu síðar mörg tímabil, þegar var beðið og fastað allan daginn, dag eftir dag.

Á samkomu stuttu fyrir páska, sagði Rees: „Það er fyrir Guð, sem við höfum talað út spádóm, það er fyrir Guð sem við stöndum við hann og fyrir Guð, förum við gegn óvininum. Hann segir við mig í kvöld: ‚Óttastu ekki vegna þess spádóms sem þú hefur sent út. Óttastu ekki Nasistana.‘ Ég hugsa til þess, hversu dýrlegt það er, að við þurfum ekki að breyta bænum okkar hið minnsta, þrátt fyrir núverandi atburðarás. Ég er svo glaður, vegna þess að það er Guðsríkið sem við höfum stöðugt haft fyrir framan okkur síðastliðna 9 mánuði og ég iðrast einskis. Drottinn hefur talað: ‚Ég mun höndla Nasistana.‘ Þetta hefur verið barátta milli Heilags anda og þess djöfuls, sem við höfum verið að berjast við, síðastliðin fjögur ár.“

Á Páskadag, þegar í stað þess að lýst hefði verið yfir friði, þá hafði Hitler gert innrás í Holland og Belgíu. Þá sagði Rees Howells á samkomu í skólanum: „Við munum aldrei verja spádómminn. Spurningin er þessi: Getur Guð sett efa í okkur, eftir að við höfum eignast fullvissu? Ef Guð segir við þig, að þessi seinkun sé honum til dýrðar, þá verður þú að halda í þann sigur sem í því felst. Það er ekkert dýrlegt við seinkun, nema það sé til staðar trú, sem ber okkur alla leið. Ég væri allt annar maður í dag, ef það hefðu verið gerð mistök, en Heilagur andi gerir ekki mistök. Ég get raunverulega þakkað honum fyrir seinkunina. Ég vildi ekki hafa orðið af þessari reynslu fyrir nokkurn mun. Það er mjög undarlegt, að það sem er dauði í augum heimsins, er sigur fyrir Heilagan anda.“

Næsta dag, sagði hann: „Við hefðum aldrei getað eignast meiri dauða, nema fyrir það að spádómnum hefur seinkað. Það verður engin upprisa, án þess að fyrst komi kross. Í gær predikaði ég um sigur, án þess að það væri neitt sýnilegt. Það er dauði í hverjum áfanga, en þegar þú deyrð raunverulega, kemur hundraðfaldur ávöxtur.“

„Við erum að sækja fram á vígvöllinn og ég er jafn viss um sigur, eins og ég er um sólarupprásina. Ef þú veist að þú hefur trú fyrir einhverju, myndir þú þá ekki halda áfram þar til þú hefur fengið það? Ég vil senda þetta út til heimsbyggðarinnar: ‚Drottinn, hann er Guð!‘“

Meðan Nasistar brunuðu gegnum Evrópu, þá var skólinn daglega frammi fyrir Guði. Við grípum hér niður í minnispunkta frá þessum bænastundum:

16. maí kl. 9:30: Dagurinn eftir að Holland gafst upp: „Í dag er trúlega mesta barátta sögunnar. Getur Guð gert eitthvað í dag? Nú, þegar Þjóðverjar segja: „Við höfum stökkt Bandamönnum á flóttu,“ getur Guð gert eitthvað í því? Hafið augun föst á Guði og sækið þennan sigur.“

Kl. 14:00 „Drottinn hefur gert okkur fullljóst að sigurinn kemur frá Honum og engum öðrum, og Hann á að fá allan heiðurinn. Drottinn fæst við óvininn með sýnilegum og ósýnilegum hætti, gegnum herinn og gegnum okkur.“ Kl. 17:30 „Staðan er alvarlegust í Frakklandi, en jafnvel þótt Frakkar og Bretar eigi við ofurefli að etja, er Drottinn fær um að hjálpa þeim.“

17. maí kl. 9:30 „Guð mun ekki gera hætishót meira í gegnum þig, en þú hefur trú fyrir. Sigurinn í gærkvöldi var sá, að það skiptir ekki máli hversu nálægur óvinurinn verður, Heilagur andi er ávallt

sterkari. Þið verið meiri ábyrgð á þessum sigri í dag, heldur en þeir sem eru á vígvellinum. Þið verðið að deyja öllu öðru en þessari baráttu.“

Kl. 13: „Af því að þið hafið gefið ykkur í þetta, þá eruð þið ábyrg. Þið munið aldrei fá frið, fyrr en heimurinn fær frið, en ykkar staður er í klettaskorunni.“ Kl. 15:30 „Við verðum hér, þar til Nasistum hefur verið eytt.“ Kl. 19 „Ef Drottinn finnur að við erum viljug, að lifa þessu dauða-lífi og eignast sigur þegar við höfum verið prófuð, mun Hann þá ekki leyfa okkur að treysta Honum til ljúka þessu? Við höfðum trú síðasta laugardag, og við höfum trú í kvöld. Ég vil ekki að þúsundir af drengjunum okkar farist. Það þarf að koma dómur yfir Nasista, og hann mun koma, ef við stöndum stöðug. Ef þetta hefðu verið mistök, þá væri Guð á móti okkur, en Hann sýnir að Hann er ánægður með okkur.“

18. maí kl. 9:30 „Ef Guð grípur ekki inn í með yfirnáttúrulegum hætti, þá trúi ég að við höfum tapað. Ég er viljugur til að deyja, en ég hef ekki efni á því að deyja og enn síður höfum við efni á því að Hitler lifi.“ Kl. 14:30 „Ég mun berjast við þennan óvin aftur alla þessa helgi eins og endir siðmenningarinnar væri í húfi. Við höfum ekki efni á að láta hendingu ráða í þessum málum. Ekki líða það að ungu mennirnir á vígvellinum verði mikilvægari í stríðinu en þið hér. Ég mun biðja Hann að koma með mikla ógæfu yfir Nasista um þessa helgi.“ Kl. 18:30 „Drottinn gaf okkur orð og við höfum haft sigur í því og seinkunin hefur ekki haft minnstu áhrif á trú okkar. Við þurfum að spyrja Hann hvenær hann ætlar að framkvæma þetta. Ég finn í kvöld að hvað sem Nasistar gera, þá munu þeir ekki geta flúið Heilagan anda. Kristindómurinn er algjörlega örugg trú. Ef þú hefur trú, þá getur þú látið málið í Hans hendur og hann mun framkvæma það á réttum tíma. Við getum ekki spurt um það, hvenær Hann ætlar að framkvæma þetta, ef við höfum ekki trú fyrir því að Hann geri þetta.“ Kl. 21:30 „Það er ekki þú sem stritar, heldur Guð sem framkvæmir og þú þarft að komast til vitneskju um hvað Guð er að gera. Er það Guð sem hefur dregið Hitler yfir þessa línu með 2500 brynvarða bíla? Ég vil að Drottinn kollvarpi þessum manni og þessum brynvörðu bílum.“

19. maí kl. 9:30 „Þessir Nasistar munu ekki eyða siðmenningunni. Þegar þeir komast nægilega nálægt því, þá mun Guð höndla þá. Þegar Heilagur andi ætlar að gefa sigur, þá getur þú ekki sannfært nokkurn mann eða konu sem er í sigurliðinu, að Honum geti misheppnast.“ Kl.21:15 „Nú er besti tíminn til þess að prófa Biblíuna í stríði, því við erum í því miðju.“

20. maí kl. 9 „Næstu 24 stundir eru tímamót í þessari miklu baráttu. Þeir eru reiðubúnir til þess að taka landið á hverri stundu. Saga heimsins gæti jafnvel breyst fyrir hádegi í dag. Slíkir atburðir hafa ekki átt sér stað áður og þið vitið ekki hversu mikil þörf er fyrir trú. Við komum til Drottins þennan morgun og segjum Honum að augu okkar séu á Honum í dag. Ef Hann grípur ekki inn í, þá erum við glötuð. Ég efast ekki um getu Drottins eina sekúndu, en við þurfum að vera afar varkár.“ Kl. 14:30 „Í kvöld er ég að hugsa um að senda bókina „*God Challenges the Dictators*“ til Hr. Churchill til að uppörva hann á þessari stundu. Landherinn er að hörfa á hverjum degi. Í bókinni segir, að maðurinn geti ekki bundið enda á þetta, en Drottinn hefur talað: „*Ekki reikna með því að ég framkvæmi það fyrr en þú ert kominn í algjöra neyð.*“ Það eina sem við viljum að Drottinn gefi skýrt til kynna er þetta: Erum við á þeim stað, sem Hann vill hafa okkur á þessari stundu? Að efast er það eina sem ég vil forðast þessum hættutímum - og það mun koma virkilegt hættuástand.“ Kl. 19 „Í dag hef ég sent bókina til Hr. Chamberlain, Halifax lávarðar og Hr. Churchill – þegar útlitið er svartast.“

21. maí kl. 9 Ótti við innrás. „Í gær var svartasti dagurinn í sögu þessarar þjóðar, sérstaklega eftir ræðu forsætisráðherrans. Allir í bænum, reikna með því að óvinurinn geri innrás í landið. Við höfum

sagt við Drottinn: „Notaðu líf okkar til að sigra.“ Við ættum að biðja Drottinn núna að stöðva þá í að koma hingað yfir. Kl. 14:30 „Við verðum að biðja Drottinn að halda óvininum í skefjum. Hann er eins og öskrandi ljón.“ Kl. 19 „Franski forsætisráðherra sagði í kvöld: „Það er aðeins kraftaverk sem getur bjargað okkur.“ Prófið snýst um það hvort Biblían sé sönn. Ég er tilbúinn að hætta lífi mínu til þess að sanna það og ég vil segja ykkur í kvöld að það er hárrétt. Sjáið til þess að trú ykkar sé með réttum hætti og þá þurfið þið ekki að hafa neinar áhyggjur.“

22. maí Kl. 9 „Heimurinn er gripinn skelfingu í dag, og við værum það vissulega líka, nema fyrir það að við erum fullviss um að Drottinn hafi talað til okkar. Örlög Englands munu ráðast í dag og á morgun.“ Kl. 14:30 „Í bardaga eins og við eigum í dag, getið þið ekki sett traust á samkomur eða tilfinningar. Við verðum að hverfa aftur til þess sem Guð hefur talað til okkar. Það er óvinur sem við þurfum að halda í skefjum, þar til Drottinn vinnur hetjudáð.“

Eftir nóttina 22. maí og til 25. maí, þá mætti Rees Howells ekki á bænasamkomurnar. Aðrir úr starfslíðinu sáu um þær. Hann tók sig til hliðar til að vera einn með Guði og berjast í gegn. Margir geta vitnað um það að hin ógurlega byrði þessa daga braut hann niður líkamlega. Hann lagði niður líf sitt í bókstaflegum skilningi.

26. maí, var almennur bænadagur í Bretlandi. Hr. Churchill sagði um bænasamkomuna sem haldin var í Westminster Abbey: „Englendingar eru tregir til að láta tilfinningar sínar í ljós, en á pallinum í kórnum fann ég fyrir innibyrðum áköfum tilfinningum og líka ótta safnaðarins — ekki við persónuleg sár eða dauða eða tap, heldur við ósigur og eyðileggingu Bretlands.“

26. maí Kl. 9:30 Hr. Howells mætti aftur á bænasamkomuna í skólanum og sagði: „Það eina sem þið getið gert í dag þegar hróp gengur upp frá landinu, er að vera í stöðu til að taka við svarinu frá Guði. Spurningin þennan morgun er þessi: Getum við tekið við svarinu? Ef þið hafið nokkru sinni hrópað, þá ættuð þið að hrópa í dag.“ Kl. 11:15 „Hvernig getið þið verið viss um að Nasistar muni ekki taka landið? Leiðtogarnir vita allir að ef Guð grípur ekki inn í, þá verðum við þrælar. Við báðum fyrir Eþíópíu og öðrum ríkjum, þannig að hróp okkar er ekki eigingjarnt.“ Kl. 14:30 „Við erum að fara gegn þessu óargadýri eins og Davíð fór gegn Golíat.“

27. maí Kl. 9 „Hér er fyrirbæn og trú, þannig að Drottinn getur unnið hetjudáð. Okkar fólk mun sjá Guð svara bænum þeirra og þau munu fá alla gleðina sem því fylgir.“ Kl. 14:45 „Ég á fullt í fangi með að trúa í dag. Fréttirnar á undan samkomunni voru hræðilegar — Helvíti á jörðu.“

Þann 28. maí var Hr. Howells aftur einn með Guði. Á bænasamkomunum snérist allt um að biðja Guð um að grípa inn í við Dunkirk og bjarga hermönnum. Þegar andinn kom yfir þau í bæn og ákalli, sagði einn í lokin um þá sannfæringu sem allir höfðu fengið: „Ég er viss um að eitthvað hefur gerst.“

29. maí var dagur brottflutningsins frá Dunkirk. Hr. Howells sagði: „Við skulum vera alveg með það á hreinu í bænum okkar í dag, að bænasvarið er í höfn. Baráttan er Heilags anda. Sjáið hann fyrir ykkur í kvöld; Hann er á orrustuvellinum með brugðið sverð.“

30. maí Kl. 19:30 „Frá sjónarhóli heimsins, þá er engin von um sigur, en Guð hefur talað. Ég gæti ekki komið í kvöld og beðið Hann um að grípa inn í, því Hann hefur þegar sagt, að hann muni grípa inn í rás atburðanna. Í stað þess að hlusta á slæmar fréttir af hermönnum okkar, þá vitum við að ef Hann

er á orrustuvellinum, þá getur Hann breytt aðstæðum yfir í góðar fréttir. Ó, Guð lyftu okkur hærra í kvöld! Við eigum ekki að fara á taugum og halda að Nasistar muni sigra: Það þarf að frelsa Þýskaland ekki síður en England og Frakkland. Við kunnum að þurfa að fara í gegnum ennþá meiri þjáningar, en ég ætla ekki að efast um hinda endanlegu útkomu. Við lýsum því yfir með einföldum orðum: „Óvinurinn mun ekki ráðast inn í hið Kristna England.““

Þegar við horfum nú til baka til stríðsáranna, þá eru það margir í Bretlandi sem muna eftir skelfingunni þessa daga. Menn minnst kraftaverksins við Dunkirk, sem ýmsir leiðtogar hafa lýst yfir að hafi verið íhlutun Guðs. Sjórinn var óvenjulega kyrr, þannig að smábátar komust yfir sundið, sem auðveldaði nánast algjöran brottflutning breskra hermanna og síðan leiðsögnina sem Hr. Churchill veitti þjóðinni. Hversu þakklát við getum verið fyrir það að Guð átti hóp falinna fyrirbiðjenda, sem lögðu líf sitt á altarið dag eftir dag, þegar þeir stóðu í skarðinu fyrir lausn Bretlands.

Kafli 35

Orrustan um Bretland

Næsta barátta í bænastarfinu var vegna loftárása Þjóðverja og hættuástandsins sem þeim fylgdi og kallað hefur verið orrustan um Bretland, þegar Göring gerði úrslitatilraun til þess að ná yfirráðum í lofti, sem var liður í undirbúningi fyrir innrásina í Bretland.

Í fyrirbænunum var ekkert atriði skilið útundan, eða framkvæmt með tilviljanakenndum hætti. Ekki var reynt að biðja út í bláinn. Hvert bænarefni var yfirfarið vandlega í nærveru Guðs og tilgangurinn var grandskoðaður þar til Heilagur andi sýndi þjóni sínum með ótvíræðum hætti að það væri heimting á bænasvari. Þá var hægt að standa í trú og trausti og ná tökum á sigrinum og ekki var hægt að unna sér neinnar hvíldar þar til hann fékk staðfestingu frá Guði, að trúin hefði haft betur og fullkominn sigur væri í höfn. Þetta snérist ekki um það að biðja og síðan vonast eftir að fá svar. Hér eru tilvitnanir í minnispunkta frá þessum tíma:

Þann 2. september árið 1940, sagði Hr. Howells: „Ég vil sjá hvort við eigum tilkall til að vera laus við áhyggjur, þegar þessar flugvélar sveima yfir. Við höfum hlaupið til að standa í skarðinu, svo hægt væri að bjarga börnum Gyðinga frá Hitler. Getum við núna gert tilkall til verndar yfir börn trúboðanna? Ef trú mín er ekki nægileg, þá ætti ég að fara með öll börnin í loftvarnaskýlið og vera með þeim í nótt. Eigum við að óttast, vegna þess að aðrir eru óttaslegnir? Ef ég treysti Guði til þess að útvega þessar fasteignir sem hér eru, þá ætla ég líka að treysta Guði til þess að varðveita þær. Ég vil að þið eignist undirstöðu fyrir þessu trausti. Við þurfum stöðuga undirstöðu fyrir trú okkar, ef svo fer að þessar loftárásir standi svo mánuðum skiptir. Getum við treyst Honum fyrir hinu ómögulega á þessu sviði, alveg eins og í fjármálunum.“

„Það eina sem ég óttast er að missa af vilja Guðs. Margir einstaklingar óttast afleiðingarnar. Ég verð að vera alveg hreinskilinn varðandi þetta atriði, því Drottinn segir: ‚Ef það eru afleiðingarnar sem þið óttist, þá skuluð þið ekki koma til mín að leita eftir vernd.‘ Það er mikill munur á sjálfelskum ótta við afleiðingar stríðsins og þess að óska eftir vernd Guðs, vegna þess að þú hefur verk að vinna fyrir Hann. Hafið þið eignast raunverulegan sigur?“

Hr. Howells minntist á loftvarnaskýli, sem honum bar skylda til að útvega fyrir börnin sem voru í dagskólanum, en þau voru þá voru um 300 talsins. En fyrir aðra nemendur og börn trúboðanna, samtals um 60 (þau voru hluti af samfélaginu í skólanum), hafði Drottinn gefið þau fyrirmæli að útvega hvorki skýli né gasgrímur (þótt hver einstaklingur gæti fengið slíka grímu ef hann óskaði þess sérstaklega). Og Guð staðfesti sína afstöðu, því gegnum allt stríðið þá féll ekki ein einasta sprengja á landareignir skólans, þó að kaupstaðurinn, þar sem voru hernaðarlega mikilvægar þurrkvíar, yrði fyrir mörgum loftárásum. En við skulum halda áfram með minnispunktana:

3. september. Eftir mikla loftárás um nóttina: „Drottinn tók mig og sýndi mér fasteignirnar sem metnar eru á tvær milljónir punda. Var það þess virði að taka á sig mikla byrði og þjást vegna þarfa Guðsríkisins?, ef þetta verður allt jafnað við jörðu. Ég veit hvað verður um þessar eignir, ef Drottinn varðveitir þær ekki. Ég endaði með því að biðja fyrir þéttbýlinu jafn mikið og ég hafði beðið fyrir skólanum nóttina áður.“

4. september. „Ástandið í landinu er orðið mjög alvarlegt, vegna loftárásana. Við höfum aldrei þurft að ganga þennan veg áður. Það sem er mikilvægast, er að finna út hvar Guð er í þessu öllu. Þegar þú ert í hættu á hverri nóttu, þá tekur það þig langan tíma að verða viss um að þú sért undir vernd Guðs. Getur þú sagt að þú sért öruggur í loftárásunum? Hefur Guð sagt þér það? Þú reynir ef til vill að nota orð Guðs, án þess að hafa kraft Hans að baki þessu orði. Ef Guð á frelsa okkur úr þessu Helvíti, þá þarf að leysa út meiri kraft. Ef þú ert ekki viss um þinn eigin sigur, þá getur þú aldrei beðið um lausn fyrir landið. Við höfum bundið djöfulinn aftur og aftur og ég vona að við munum halda því áfram þar til tími Guðs kemur í þessu stríði.“

7. september. „Hversu margir hafa orðið snortnir af hörmungunum í þessum loftárásum? Ef þú trúir því að þú hafir verið frelsaður frá Helvíti, af hverju getur þú ekki trúað því að þú hafir verið frelsaður frá loftárásunum? Ég hef alltaf fundið eitthvað sem hefur gefið mér gleði allan daginn og gleði mín í dag er sú, að við höfum vernd Guðs. Aðeins að við treystum Honum raunverulega, þá getum við lofað Hann. Þessi friður sem Frelsarinn gefur er raunverulegur. Hann er svo djúpur að djöfullinn getur ekki truflað hann. Þú getur ekki heyrt í andanum, ef það er óró eða ótti innra með þér. Þú getur ekki tekið minnstu vitund um ótta inn í nærveru Guðs.“

8. september Kl. 9 Almennur bænadagur í landinu. „Land okkar hefur aðeins ytra form trúarinnar, en er raunverulega hvorki heitt eða kalt eins og Laódíkeukirkjan. Megi Guð færa þjóðina aftur til baka til sín. Við höfum eina ástæðu til að gleðjast og hún er sú að óvininum hefur ekki tekist að ráðast inn í landið.“

Við miðdegisbænina, um leið og Hr. Howells byrjaði að tala, þá flugu flugvélar Nasista yfir svæðið. Loftvarnabyssurnar í nágrenninu byrjuðu að skjóta og sírenuvælið hljómaði um allt, en hann hélt áfram með boðskap sinn og söfnuðurinn hlustaði hugfanginn. Það var á þessum punkti, sem byrðin vegna bæna um vernd fyrir loftárásunum og spurningar síðustu daga breyttust í lof og fullvissu. Algjör fullvissa um sigur var komin eins og kom fram í orðum Rees Howells: „Hvílíkur sigur! Þeir sem eru í andanum sjá það sem sigur, vegna þess að Hann hefur trú á okkur. Guð mun væntanlega ekki gefa trú fyrir sigri í stríðinu, fyrr en við höfum fyrst eignast persónulegan sigur.“ Loftvarnaflauturnar gáfu merki um að hættan væri liðin hjá um leið og samkomunni lauk. Þau sungu að lokum: „Dauðinn hefur verið sigraður, segið frá því með gleði, þið hin trúföstu.“

Á kvöldbænastundinni sama dag, sagði hann: „Ég gæti núna sett það á prent, að enginn djöfull getur snert nokkurn hér inni. Það er engin þörf á að biðja fyrir þessu lengur. Þegar þú trúir, þá lýkur bæninni. Við höfum ekki verið áður í slíkum sigri, að geta haldið áfram nákvæmlega eins og það væri ekkert stríð. Hvernig eigum við að fá sigur fyrir heiminn án þess að við höfum fyrst trú fyrir okkur sjálfum. Þú getur ekki treyst neinu nema trú sem fæðist í bæn. Já, hvernig Heilagur andi kom niður í morgun í brauðsbrotningunni og sagði okkur frá sínum sigri.“

9. september. „Heilagur andi hefur fundið trú sem er nægileg fyrir það sem Hann vill gera. Gætið að því að þið trúðið. Trúin er eitt viðkvæmasta fyrirbæri sem til er. Hún er eins og gufa. Þið getið auðveldlega týnt henni. Það átti sér stað sigur hér í gærmorgun og ef þið sáuð það ekki, er ekki víst að þið munið sjá það nokkurn tíma. Héðan í frá þá getur Hann leitt sína baráttu, en Hann gat það ekki áður vegna skorts á trú.“

10. september. „Hvað þótt milljónir bæna stigu upp á almenna bænadeginum og enginn hefði haft trú? Eftir sigurinn á sunnudaginn, er mikið frelsi til að biðja þess, að Guð muni virkilega höndla djöfulinn sem er í Nasistum og binda enda á þetta kerfi illskunnar. Það er bæn okkar fyrir London að Guð muni snúa dæminu við og bjarga mannslífum. Það er enginn efi á því að óvinurinn eys fyrirlitningu yfir almenna bænadaginn sem var á sunnudag.“

11. september, þegar orrustan um Bretland — yfir London og Suður- Englandi var í hámarki. „Það hafa svo margir staðir orðið fyrir sprengjum í London. Jafnvel Buckinghamhöll hefur skemmst. Ég fann byrði fyrir því að biðja fyrir konunginum og drottningunni og ég trúi því að bænum okkar verði svarað. Ég er nú að bíða eftir því hvernig Guð mun taka á óvinunum.“

12. september. Við báðum í gærkvöldi um að það mætti takast að verja London og að óvininum myndi mistakast að brjótast í gegn og Guð svaraði bæninni. Án þess að Guð fái tak á þessum óvini, er enginn maður óhultur. Ef við höfum fengið vernd fyrir fasteignirnar, af hverju ekki að fá vernd fyrir landið? Hversu stórkostlegir eru þessir dagar.“

14. september. „Vegna þess að við höfum trúað, þá hefur Guð látið okkur vita, hvað mun gerast. Sérhver einstaklingur á að heyra fagnaðarerindið. Það á að endurheimta Palestínu fyrir Gyðinga og frelsarinn mun koma aftur.“

Í endurminningum sínum úr stríðinu, segir Hr. Churchill að 15. september hafi verið hápunkturinn í loftorrustunni um Bretland. Hann segir frá því þegar hann heimsótti stjórnstöð flughersins þann dag og fylgdist með því hvernig flugsveitir óvinanna birtust yfir landinu og samlandar hans tóku á loft til að mæta þeim. Sú stund kom, þegar hann að lokum spurði flugmarskálkinn: „Hvaða sveitir eigum við eftir að senda upp.“ Marskálkurinn svaraði: „Það eru engar eftir,“ og hann sagði frá því síðar hversu alvarlegur Hr. Churchill hefði orðið á svipinn. „Og það er líklega alveg rétt,“ bætti forsætisráðherrann við. Síðan liðu 5 mínútur og þá fór að líta út fyrir að óvinurinn væri á leiðinni heim til sín. Skífurnar á borðinu sýndu stöðuga hreyfingu austur á bóginn, bæði hjá þýsku orrustuflugvélunum og sprengjuflugvélunum. Það kom engin ný árás. Eftir tíu mínútur í viðbót, var bardaginn á enda.“

Eftir stríðið, gerði flugmarskálkurinn Dowding lávarður, sem var æðsti yfirmaður flughersins þegar orrustan um Bretland átti sér stað, eftirfarandi athugasemd: „Jafnvel meðan á bardaganum stóð, þá fann maður fyrir því að okkur barst stöðugt hjálp. Þegar orrustunni var lokið, hafði maður það á tilfinningunni að guðleg íhlutun hefði átt sér stað, til að breyta rás atburðanna frá því sem annars hefði orðið.“

Kafli 36

Rússland, Norður-Afríka, Ítalía og D-dagurinn

Sigurinn í orrustunni um Bretland bjargaði landinu frá innrás, en óvinurinn reyndi að ná sér niður með því að auka næturárásir, sem héldu áfram fram á árið 1941. Í janúar það ár, orsökðu þessar stöðugu sprengjuárásir á Bretland bænabyrði í skólanum, sem að lokum náði hámarki.

„Ég finn enn sterkar fyrir því í dag,“ sagði Hr. Howells á bænasamkomunni 20. janúar „að Guð hefur stöðvað mig í að biðja meira fyrir bænum (Swansea)¹, heldur en landinu. Hann segir mér ‚ef þessar loftárásir halda áfram, þá get ég ekki ábyrgst öryggi ykkar, svo biðjið þær burt úr landinu.‘ Og ég svaraði Honum: ‚Þú verður að vernda okkur núna, þar til við höfum tækifæri til þess að koma hærra og trúá þér fyrir svarinu.“

Það liðu tíu dagar í bæn, og síðan þann 28. janúar var skráð í dagbókina: „Höfum trú fyrir varðveislu landsins.“ Þessu fylgdi afar sérkennileg beiðni: „Drottinn, láttu óvinin snúa sér að Miðjarðarhafinu,“ en með því myndi þrýstingnum létta af Bretlandi, ef athygli Hitlers beindist í aðra átt.

Rúmlega tveimur mánuðum síðar, þann 6. apríl, lýsti Hitler stríði á hendur Júgóslavíu og Grikklandi og þessu var fylgt eftir með innrás á eyrna Krít og innrás í Norður-Afríku. Þar sem óvinurinn hafði snúið sér að nýjum markmiðum, þá var hættan á eyðingu Bretlands liðin hjá í bili.

Næsta bænaþefni var ennþá viðameira. Enginn atburður stríðsins kom heiminum meira á óvart, en þegar Hitler skyndilega, án allrar viðvörunar, snéri sér við og hóf innrás í Rússland. Ef heimurinn leit á eitthvað, sem íhlutun Guðs, þá var það innrásin í Rússland. Dagblöðin notuðu heiðið máltæki um þetta: „Þeir sem guðirnir ætla að eyða, verða fyrst brjáláðir.“ Þessi ákvörðun er eitt mikilvægasta dæmið um guðlega íhlutun í gang styrjaldarinnar og var „dauðadómur yfir Nasistum.“

Innrásin í Rússland hófst kl. 4 að nóttu 22. júní árið 1941, en sjö vikum áður þann 2. maí, hafði Guð byrjað að tala til Hr. Howells um Rússland. Þann dag sagði hann: „Eins heitt og við þráum að sjá stríðið taka enda, þá lítur út fyrir að Guð sé að segja: *„Það er eitt land í viðbót, sem ég vil koma dómi yfir og það er Rússland kommúnista.“*“

Og aftur daginn eftir: „Ég sé Rússland fyrir mér. Er það réttlátt að Stalín og fylgjendur hans sleppi? Ef Guð gefur okkur val, myndum við biðja hann að lengja stríðið, jafnvel þótt við séum að tapa á öllum vígstöðvum?“

¹ Stór hluti miðbæjarins í Swansea eyðilagðist í loftárásum 19., 20. og 21. febrúar 1941.

Og aftur: „Við biðjum Drottinn að veikja hernaðarmátt Rússa og Japana, jafnvel þótt það þýði að stríðið lengist í fimm ár. Er Drottinn ekki fær um að snúa athygli óvinnarins að Rússlandi? Ef Drottinn tekur ekki á Rússlandi núna, þá verður Hann að gera það með öðru stríði. Ég segi: Hann verður að draga Rússa inn í þetta, alveg sama hversu langan tíma það tekur, nema Hann hafi aðra leið til að höndla kommúnista.“

Frá þessum degi, varð þetta aðal bænarefnið í skólanum: „Drottinn, dragðu Rússland inn í stríðið og höndlaðu kommúnismann.“ Sex vikum síðar, var Rússland komið í stríðið. En þá kom ný hætta í ljós. Rússland var komið í stríðið, en eftir nokkrar vikur virtist herstyrkur landsins vera að hrynja. Þegar mergð þýskra hersveita helltist yfir landið, þá fóru Bandamenn að hafa áhyggjur af sundrun rússneska hersins og því hvernig Nasistar nálguðust Moskvu.

Þetta var kapphlaup við veturinn. Þetta var endurtekning á hinni frægu innrás Napóleons. Hitler hélt því fram að honum myndi takast það sem Napóleon hafði mistekist, að hafa vetursetu í óskemmdri Moskvu. Myndi honum takast það? Var nokkur, sem þessa taugatrekkjandi daga, trúði því ekki?

Hersveitir Hitlers voru nú komnar nærri borgarhliðum Moskvuborgar. Sunnudaginn 19. október, árið 1941 segir Frú Howells, að Hr. Howells hafi sagt sér snemma morguns, að hann ætlaði niður á næstu hæð, til að hlusta á útvarpsfréttirnar kl. 7, til að heyra hvort Moskva hafi fallið. Þegar hann kom til baka, sagði hann að borgin væri ekki fallin, en þeir ættu ekki von á góðum fréttum.

Nokkrum mínútum eftir þetta, fór Drottinn að tala við hann: „*Er einhver nauðsyn á því að Moskva falli? Af hverju biður þú ekki og trúir mér til að bjarga Moskvu og valda bakslagi hjá Nasistum.*“

Dr. Kenneth G Symonds, sem var starfsmaður skólans í mörg ár, segir frá samkomunni þennan sunnudagsmorgun: „Forstöðumaðurinn byrjaði boðskap sinn þennan morgun með því að segja ‚biðjið fyrir því að Moskva falli ekki!‘ Þetta virtist fáránlegt mannlega séð, því við höfðum heyrt að fall borgarinnar væri óumflýjanlegt. Þótt bænin virtist óraunhæf, þá lagði Andinn þetta á okkur. Það virtist eins og Andinn bæði, þrátt fyrir okkur. Þannig að við strituðum í bæninni allan daginn, þar til á bænastundinni um kvöldið, að við fylltumst af andagift þegar þjónn Guðs sagðist hafa fengið vissu fyrir að Guð væri að svara. Drottinn gaf okkur leyfi til að biðja um að Nasistar yrðu algjörlega sigraðir af rússneska vetrinum. Við munum aldrei gleyma þeirri sigurgleði sem fór vaxandi, þegar trú okkar lyftist upp þessa daga.“

Næsta dag voru fréttirnar þær að Rússar hefðu fengið meira hugrekki og það snjóaði mikið. Á bænasamkomunni fjórum dögum síðar sagði Hr. Howells: „Ég segi nú: *„Svo segir Drottinn, hann [Hitler] verður tepptur í vetur í rússneskum snjó.“*“ Við þekkjum öll hvernig sú saga endaði. Moskva féll aldrei og Göring, sagði síðar frá óförunum þennan vetur á þann veg, að þrjár milljónir af bestu hermönnum Þýskalands hefðu farist í snjónum.

Viktor Kravchenko, segir frá því í bók sinni, *Ég kaus frelsið*: „Þjóðverjar hefðu getað tekið Moskvu einhvern þessara daga, án nokkurrar mótspyrnu... Hvers vegna þeir snéru til baka er leyndardómur, sem aðeins Þjóðverjar sjálfir geta svarað.“

Guð fór nú að beina bænarefnum í Biblíuskólanum á nýjar brautir. Nasistar marseruðu í gegnum Júgóslavíu og Grikkland og hertóku eyjuna Krít. Á sama tíma fór hættan af Rommel hershöfðingja og Ítölum vaxandi í Norður-Afríku. Skyndilega fóru bænarefnin að snúast um lönd Biblíunnar. Þetta var ein af helstu bænabyrðunum í skólanum, því löngu áður hafði Guð opinberað þeim að þetta væri ekki aðeins evrópskt stríð, heldur að stríðið myndi, vegna fyrirbúinnar áætlunar Guðs, leiða til þess að

Gyðingar myndu snúa aftur til Palestínu, fagnaðarerindið fara út til alls heimsins og þá gæti Frelsarinn komið aftur.

Um leið og lönd Biblíunnar virtust vera í innrásarhættu, beindi Guð bænarefnunum í þá átt. „Ég er handviss um það,“ sagði Hr. Howells, „að óvinurinn mun aldrei snerta Palestínu, Sýrland eða Írak.“ Það landsvæði sem var í mestri innrásarhættu, var Norður-Afríka. Þegar Rommel og skriðdrekasveitir hans birtust í Norður-Afríku, var Egyptaland í mikilli hættu. Ef Egyptaland félli, væri leiðin opin til Palestínu. Á tiltölulega stuttum tíma tókst Rommel að hrekja heri Breta að landamærum Egyptalands og hersveitir hans nálguðust útjaðar borgarinnar Alexandríu.

„Ef Guð grípur ekki inn í gang mála, vegna Palestínu,“ sagði Hr. Howells þann 4. júlí árið 1942, „þá verður þar enginn griðastaður fyrir Gyðinga. Lönd Biblíunnar verður að varðveita frá stríðinu, því það er til Landsins helga, sem Frelsarinn kemur að lokum. Ef ég ætti val í dag, þá myndi ég segja við Guð: „Nema þú hafir sérstaka áætlun með því, láttu Egyptaland ekki falla. Láttu Þjóðverja ekki taka Alexandríu, en gefðu bakslag hjá Rommel.“ Hef ég sömu byrði fyrir því að Alexandría verði ekki hertekin eins og ég myndi hafa ef Swansea væri undir árás?

Þetta var á laugardegi og venjulega voru engar bænasamkomur eftir hádegi á laugardögum, en þennan dag var Biblíuskólinn kallaður til að eyða eftirmiðdeginum í fyrirbæn og biðja Guð um að bjarga Alexandríu og snúa við gangi mála í Norður-Afríku. Þennan dag var mikil bænabyrði, en mikið frelsi í bæninni. Á samkomunni um kvöldið, sagði Hr. Howells: „Bænin sem við báðum hér um eftirmiðdaginn fyrir Heilagan anda, snérist um það að óvinurinn tæki ekki Alexandríu. Ég tala til ykkar allra sem hafið tekið þátt í bænum gegn óvininum og hafið séð hvernig beðið var um að óvinurinn væri knúinn til að fara að Miðjarðarhafi og til Rússlands, en halda honum frá Moskvu. Er þessi bæn af Heilögum anda? Ef það er svo, þá getum við verið nákvæmlega jafn viss um það, að óvinurinn mun ekki hertaka Alexandríu.“

5. júlí: „Það eina sem ég vil vita, er hvort lausn sé komin fyrir lönd Biblíunnar? Ef svo er, þá getum við hamrað á því við Guð, að óvininum er ekki ætlað að hertaka Alexandríu. Næsti prófsteinn á eftir Moskvu, er Alexandría.“

Um kvöldið fengu Hr. Howells og Biblíuskólinn bænasigur. „Ég hélt að ef til vill, fengi óvinurinn að taka Egyptaland,“ sagði Hr. Howells, „en nú veit ég að hann mun aldrei taka Egyptaland — hvorki Alexandría né Kaíró munu falla.“ Í lok samkomunnar sagði Hr. Howells: „Ég hef verið skekinn niður að dýpstu rótum í dag. Ég hef verið eins og maður sem moka sandi í allan dag, en nú hef ég eignast sigur. Nú hef ég tók á málinu.“

Í vikunni á eftir lásu þau í blöðunum, hversu alvarleg staðan hafði verið í Norður-Afríku einmitt þennan laugardag, þegar kallað var til aukabænaustundar í Biblíuskólanum og það var einmitt um helgina, sem staðan breyttist við El Alamein og bjargaði þar með Alexandríu.

P.W Rainer majór, segir í bók sinni *Pipeline to Battle*, frá ótrúlegu og hugsanlega afgerandi atviki: „Milli hersveita Rommels og Alexandríu, voru leifar Breska hersins — fimmtíu skriðdrekar, nokkrir tugir af fallbyssum og um það bil 5000 hermenn. Herstyrkur beggja var álíka mikill, en Þjóðverjar höfðu samt forskot, vegna yfirburða sem 88 mm fallbyssur þeirra höfðu. Hersveitir beggja voru nærri því að örmagnast, vegna hita, ryks og skorts á vatni. Bardaginn var harður. Sólin var næstum beint yfir höfði okkar og hermennirnir voru að missa úthaldið, þegar Nasistar hættu. Eftir tíu mínútur í

viðbót, þá hefðum við hugsanlega þurft að stöðva bardagann.

Hægt og ólundarlega, snéru Mark IV skriðdrekar Þjóðverja við, en þá gerðist hið ótrúlega. 1100 hermenn út 90 skriðdrekasveit Þjóðverja, sem voru úrvalslíð Afríkuhersins, komu gangandi yfir sandinn með hendur yfir höfði sér. Tunga þeirra var svört og sprungin. Þeir rifu vatnsbrúsana af okkar mönnum og drukku eins og þeir gátu.

Rainer majór, gaf síðan þessa skýringu fyrir uppgjöf þeirra. Hermenn Þjóðverja höfðu verið heilan sólarhring án vatns, þegar þeir tóku varnalínu Breta og fundu þar 6 tommu vatnslögn. Þeir skutu göt á leiðsluna og drukku vatnið í stórum teygum. Þeir gerðu sér ekki grein fyrir því, fyrr en of seint að þetta var sjór. Leiðslan var nýlögð og Rainer majór var nýbúinn að prófa hana, en ferskvatn var aldrei notað til að prófa vatnsleiðslur í eyðimörkinni, til þess var það allt of dýrmætt. Tveimur dögum síðar, hefði leiðslan verið full af ferskvatni. Nasistar skynjuðu ekki saltbragðið strax, því þeir þurftu sjálfir að nota ísalt vatn.

Uppgjöf þessara 1100 hermanna, kann að hafa verið afgerandi atburður í orrustunni um Alexandríu. Í bókinni er eftirfarandi ályktun: „Svo ótrúlegur atburður sem þessi, getur ekki verið tilviljun. Vissulega var hér hönd almáttugs Guðs að verki. Guð kemur til hjálpar, þegar afgerandi mál eru í húfi.“

Athygli fyrirbiðjendanna í skólanum beindist aftur að stríðinu í Rússlandi. Hættan fyrir lönd Biblíunnar að sunnanverðu var liðin hjá, en þegar Þjóðverjum mistókst að hertaka Moskvu, héldu þeir áfram í gegnum suðurhluta Rússlands og nálgust Stalíngrad og Kákasusfjöll. Ef hersveitirnar kæmst yfir fjöllin, væri leiðin opin að löndum Biblíunnar úr norðri.

Dr. Symonds sagði við okkur: „Nasistar hafa þegar brotist í gegnum varnir Stalíngrad og berjast í úthverfum borgarinnar, en Heilagur andi sagði honum að biðja fyrir því að Stalíngrad myndi ekki falla.“ Ástæðan var sú, að Stalíngrad var hliðið inn í Kákasus og um Kákasus lá leiðin inn í lönd Biblíunnar.

Óvinurinn hafði gert tvær tilraunir til þess að hertaka lönd Biblíunnar. Fyrst með hertöku Krítar, sem leiddi til þess að farið var að biðja fyrir því að hersveitir Nasista snéru sér að Rússlandi og síðan í gegnum Norður-Afríku, sem hafði leitt til guðlegrar íhlutunar eftir bænasvar, þegar orrustan stóð við El Alamein. En bænin fyrir Stalíngrad virtist vera sú erfiðasta af þeim öllum. Við glímdum við bænarefnið í hálfan mánuð og Andinn sagði í gegnum þjón sinn, að þar sem bænarefnið væri frá Honum, þá værum við ábyrg fyrir því að sjá til þess að það fengi árangursríkan endi, eins og gerðist með Moskvu.

Þrátt fyrir bænaáköll okkar, hélt óvinurinn áfram þar til helmingurinn af Stalíngrad var í höndum hans. Bardagarnir bárust hús úr húsi í borginni og voru grimmilegir, en baráttan í andanum var ekki síður óvægin. Þvert gegn allri mannlegri skynsemi, eftir því sem fréttirnar urðu svartari, þá óx trú okkar að sama skapi, þar til við fundum að óvinurinn var farinn að láta undan síga. Á sama tíma, þá breyttist vígstaðan í hinu veraldlega, heiminum til mikillar undrunar. Her Nasista var rekinn úr borginni, algjörlega útkeyrður og niðurbrotinn. Þetta var enn einn máttugur sigur Heilags anda.

Nokkrum mánuðum síðar, eftir fjóra mikla bardaga í bæninni, vegna innrásar í Bretland, Moskvu, Alexandríu og Stalíngrad – þótti fólkinu í Biblíuskólanum merkilegt að lesa blaðagrein eftir J.R.C. Fuller hershöfðingja, þar sem hann rakti fjórar ástæður fyrir yfirvofandi ósigri Nasista. Hann kallaði þetta fjögur glappaskot Hitlers. Glappaskot nr. 1, var að missa af tækifærinu til að gera innrás í

Bretland. Glappaskot nr. 2, var misheppnuð hertaka Egyptalands og Alexandríu. Glappaskot nr. 3 „Allt varðandi stríðið í Rússlandi byggðist á því að hertaka Moskvu. Samt snéri Hitler sér að öðrum markmiðum. Glappaskot nr. 4, var lokamistök Hitlers. Árásin mikla á Stalíngrad, sem misheppnaðist.

Við tvö önnur tækifæri, þá var þörf á sérstakri árvekni í bæninni. Annað var innrásin á Ítalíu og hitt var D-dagurinn, þegar innrás Bandamanna í Frakkland hófst. Í baráttunni um Ítalíu, var mesta hættan tengd borginni Salerno, þar sem herir Bandamanna gengu á land í september árið 1943, til að hertaka mikilvægar hæðir og opna leiðina fyrir innrásarherinn sem kom sunnanfrá, til að hertaka Róm.

„Dagurinn, þegar innrásin hófst í Salerno, verður alltaf ofarlega í huga mínum,“ sagði Dr. Symonds. „Við höfðum fyrri bænasamkomu kvöldsins í ráðstefnusalnum. Við komum svo aftur saman kl. 21:45 í húsi sem heitir Derwen Fawr. Samkoman hafði alvarlegt yfirbragð frá upphafi. Rödd forstöðumannsins skalf af þunga boðskaparins og var tæplega heyranleg, þegar hann sagði: „Milli samkomanna hefur Drottinn gefið mér byrði varðandi innrásina við Salerno. Ég trúi því að hermenn okkar séu í mikilli hættu að tapa fótfestunni, nema við getum beðið þetta í gegn.““

Óttablandin lotning fyrir Guði kom yfir okkur, því þetta voru alveg ný tíðindi. Það höfðu ekki verið neinar fréttir um þetta og við sjálf höfðum glaðst yfir því að Ítalía væri bráðlega að losna undan harðstjórn Fasista og Nasista. Brátt vorum við á hnjánum og hrópuðum til Guðs, að Hann skærast í leikinn. Andinn tók vald yfir okkur og skyndilega braust Hann í gegn í bæninni og við heyrðum okkur sjálf gleðjast og fagna, í trú fyrir því að Guð hefði heyrt og svarað.

Við gátum ekki beðið meira, þannig að við risum á fætur og fórum að syngja lofsöngva. Andinn vitnaði í hjörtum okkar allra, að Guð hefði haft undursamleg afskipti af málinu. Sigurinn var svo framúrskarandi, að ég leit á klukkuna þegar við risum á fætur til að syngja. Klukkan var nákvæmlega 11 að kvöldi.

Við biðum eftir fréttunum í útvarpinu á miðnætti. Pulurinn sagði með alvarlegri röddu, efnislega það sama og forstöðumaðurinn hafði sagt okkur fyrr um kvöldið frá Drottni, að ef ekki gerðist kraftaverk, þá væri mikil hættu á því að hermenn okkar myndu tapa fótfestu sinni á ströndinni þá um nóttina. Þetta staðfesti fyrir okkur leiðsögn Heilags anda og við urðum enn sannfærðari en áður um að sigurinn væri öruggur.

Fréttirnar í útvarpinu morguninn eftir, voru vonbetri. Við biðum í ofvæni eftir fréttum dagblaðanna frá vígstöðvunum og við urðum ekki fyrir vonbrigðum. Á fimmtudagsmorgni var risafyrirsögn í einu dagblaðanna: „**Kraftaverkið við Salerno.**“ Frásögn fréttamannsins á staðnum, var á þessa leið: „Ég var staddur með framvarðasveitum okkar í innrásinni við Salerno á mánudaginn. Fallbyssuskothríð óvinarins færðist stöðugt nær okkur. Hávaðinn var skelfilegur og það var augljóst að ef ekki gerðist kraftaverk, þá myndu hersveitir okkar aldrei ná nægilega langt frá ströndinni, til þess að tryggja fótfestu sína.

Skyndilega, án nokkurrar sýnilegrar ástæðu þá stoppaði fallbyssuskothríð óvinarins og þeir hættu að sækja að okkur. Það varð dauðapögn. Við biðum með öndina í hálsinum, en ekkert gerðist. Ég leit á klukkuna, *hún var 11 að kvöldi.* Við biðum áfram, en óvinirnir hreyfðu sig ekki alla nóttina. Þessar klukkustundir gerðu útslagið um það að um morguninn, þá voru tök hersins á svæðinu tryggð.

Síðasta meiriháttar bænabarátta stríðsins var háð vegna innrásarinnar í Frakkland. Við skulum vitna í orð Hr. Howells. Þann 6. apríl árið 1944, sem var aðeins tveimur mánuðum fyrir D-daginn, sagði hann á samkomu: „Við erum áhyggjufull, vegna þeirra ungu manna sem eru um það bil að taka þátt í innrásinni. Höfum við trú fyrir því, að þessir ungu menn geti höndlað þetta, með lágmarks mannfalli? Ef Guð greip inn í, við Moskvu, í Stalíngrad, Alexandríu og í okkar eigin landi, getur Hann þá ekki tekið í taumana varðandi innrásina og forðað okkur frá ósigri. Við höfum fullt leyfi til þess að biðja Guð að koma og berjast með hermönnum okkar, vegna þess að leiðtogar okkar vilja aðeins ná fram í þessu stríði markmiðum Atlantshafssáttmálans með hinu fjórfalda frelsi². Ef við fengum sigur við Stalíngrad, þá getum við fengið sigur hér. Við vitum að Hann stendur með okkar mönnum og í kvöld sé ég ekkert nema sigur.“

Mánuði síðar, þann 7. maí sagði hann: „Þegar ég tala hér, eru 5 milljónir manna, sem standa frammi fyrir því að taka þátt í innrásinni. Það eru ungir menn í landinu frá Ameríku, sem bíða eftir innrásinni og mörg þúsund mannlíf kunna að glatast. Frakkar misstu eina milljón manna við Verdun í síðustu styrjöld. Ef ég er ekki kallaður í herinn til að berjast, en ég veit um aðra leið til að hjálpa þeim og ég geri það ekki, þá ætti að drepa mig í staðinn fyrir þá. Þeir horfast í augu við dauðann og hver sá sem hefur horfst í augu við dauðann, veit að það er alvarlegt mál og þeir gera það fyrir mig og fyrir þig. Ef þeir þjást meira fyrir okkur, en við fyrir þá, þá verður það okkur til ævilangrar smánar.“

„Ef innrásin verður í næstu viku, er þá til Guð á himni, sem getur gripið inn í? Þegar innrásin byrjar, hefur Dewey ríkisstjóri í New York, kallað alla í fylkinu til að biðja. Það versta er, að Þýskaland er ríki mótmælenda og það erum við líka, en við erum ekki að berjast við þýsku þjóðina, heldur stjórn Nasista. Við trúum því að Guð sé með okkur og hann segir: *„Ég mun ekki slíðra sverðið fyrr en sáttmálinn hefur verið staðfestur og heimurinn fengið frelsi.“*“

Á annarri samkomu gaf Guð fullvissu fyrir því að Hann færi fyrir hersveitum okkar og þær yrðu ekki hraktar til baka. Þessi trú var svo sterk, að við gátum náð taki á henni.

„Byrðin sem við höfðum haft út af þessu máli hafði verið afar þung og léttirinn var svo mikill, að þegar ég kom inn í herbergi mitt, féll ég á kné og grét. Þetta voru gleðitár vegna þess að spennan var farin. Það var eins raunverulegt fyrir mér, og að innrásin væri yfirstaðin og sigurinn unninn.“

Þann 6. júní, þegar innrásin hófst, þá las Hr. Howells dagskipun Eisenhower hershöfðingja til hermanna, en þar segir: „Vonir og bænir frelsiselskandi fólks allstaðar, fylgja ykkur. Við skulum leita blessunar almáttugs Guðs yfir þessu mikla og göfuga verkefni.“ O g sömu leiðis úr ágætri ræðu konungsins, sem útvarpað var til landsmanna, þar sem hann hvatti sitt fólk til að biðja og sýna hollustu: „ Vissulega er ekkert okkar of upptekið til þess að taka þátt í bænaátaki á landsvísu og jafnvel um allan heim þegar þessi mikla herför heldur af stað.“

Á samkomunni sagði Hr. Howells: „Ef það verður raunverulegur bænadagur í landinu, þá mun það líka að verða sigurdagur, dagur sem Drottinn starfar.“ Og í hans eigin bæn við lok samkomunnar, var

² Hið fjórfalda frelsi kom fram í ræðu sem Franklín D. Roosevelt hélt í janúar árið 1941. Þar skilgreindi hann þau markmið sem ríki heimsins ættu að hafa að leiðarljósi eftir stríðið: 1. Málfrelsi, 2. Trúfrelsi. 3. Frelsi frá skorti. 4. Frelsi frá stríðsógn. Í ágúst árið 1941, undirrituðu hann og Winston Churchill Atlantshafssáttmálann, sem innihélt meðal annars ákvæði um hið fjórfalda frelsi.

hugur hans hjá hermönnum sem þegar voru að koma á land í Normandí. Hann bað: „Ef þú hefðir ekki gripið inn í við Dunkirk, þá væri ekkert okkar hér í dag. Þess vegna Drottinn, leggðu byrði á okkur; láttu okkur ekki verða kærulaus. Ef Hitler hefði sigrað, þá hefði Kristindómurinn, menningin og frelsið verið farið. Ó Drottinn, verndaðu og varðveittu hermennina okkar. Leyfðu okkur ekki að biðja með öðrum hætti, en ef við sjálf værum í fremstu víglínu. Við trúum því að endirinn verði sigur.“

Að lokum, þann 8. júlí sagði hann: „Ég held að það sé ekkert sem stenst samjöfnuð við nóttina, þegar við gerðum innrás í Normandí. Við sögðum að Guð færi á undan okkar mönnum og þetta yrði ekki neitt í líkingu við Dunkirk. Dagblaðið *Daily Telegraph*, sagði að þetta hefði verið eina nóttin, sem þýsku kafbátarnir slepptu því að fara um Ermasund.

Herinn fór yfir sunnið á 4 þúsund skipum og 11 þúsund flugvélum og hann mætti ekki einu skipi eða flugvél frá óvininum. Guð hafði sagt: „Ég fer yfir með þeim og það verður ekki ósigur.“ „Og þótt það standi yfir mikil orrusta meðan ég tala, þá fer ég aftur að þessu Orði og það verður enginn ósigur.“

Útkoman úr þessum sex árum í bæn, kom fram í júní árið 1945, í San Fransisco, þar sem leiðtogar þjóðanna ákváðu að stofna Sameinuðu þjóðirnar. Því fylgdu ekki innantómar vonir um varanlegan frið í heiminum. En nú snérust bænirnar í Biblíuskólanum um það, að fagnaðarerindið gengi út til alls heimsins og sömuleiðis að Gyðingar myndu snúa aftur til Palestínu. Þessu hefur ávallt fylgt eftirvænting fyrir því að Drottinn snúi aftur og stofnsetji þúsund ára ríkið, þegar að lokum kemur „friður á jörðu.“ En stofnun Sameinuðu þjóðanna, var svarið við þessum árum í bæn fyrir því að heimurinn myndi aftur opnast fyrir boðun fagnaðarerindisins, þannig að allir af þessari kynslóð mættu heyra boðskapinn.

Öll stríðsárin, þá var Gyðingum ekki gleymt, þótt bænirnar snérust aðallega um málefni þjóðanna. Því eins og Hr. Howells sagði: „Þegar stríðið kom, þá breytti Hann stefnu okkar frá bænum vegna Gyðinga, yfir í baráttu við Dýrið (nafn sem hann notaði oft yfir djöfulinn í kerfi Nasista) og sagði: „*Náið sigri yfir honum.*““ En það var eftir stríðið í október og nóvember árið 1947, sem heilu dagarnir fóru í að biðja í gegn, fyrir því að Gyðingar fengju að snúa aftur til Palestínu.

Hr. Howells sagði: „Við fórum fram á þetta, vegna 4 þúsund ára gamals sáttmála Hans við Abraham. Þess vegna myndi Guð taka sitt fólk og flytja það aftur til síns lands og Palestína yrði aftur Gyðingaríki.“

Áskorunin sem við mættum var þessi: Ef Gyðingabjóðin snéri ekki aftur til Palestínu eftir styrjöldina 1914-1918, myndu þeir frekar fara heim eftir þessa? Þeir sáu hönd Guðs að verki, þegar Sameinuðu þjóðirnar settu upp sérstaka nefnd til að fjalla um Palestínumálið. Það var mikill fögnuður í Palestínu, þegar Bretar lýstu því yfir að þeir ætluðu að yfirgefa landið.

Það voru 11 mismunandi dagar á tveimur mánuðum þar sem beðið var fyrir væntanlegri atkvæðagreiðslu hjá Sameinuðu þjóðunum. Það var allt útlit fyrir að þetta stæði tæpt. Daginn sem atkvæðagreiðslan fór fram, þann 27. nóvember 1947, þá var mikið beðið, en síðan komu fréttir um að atkvæðagreiðslunni hefði verið frestað til 29. nóvember. Skólinn fór inn í enn ákafari bæn. Þá sáu menn í andanum, engla Guðs, hafa áhrif á fulltrúana hjá Sameinuðu þjóðunum í New York og fengu fullvissu um sigur.

Daginn eftir atkvæðagreiðsluna fengum við síðan fréttirnar um að Sameinuðu þjóðirnar hefðu samþykkt skiptingu Palestínu með 33 atkvæðum gegn 13 og Ísraelsríki var þar með orðið staðreynd. Skólinn fagnaði þessum atburði, sem „einum af stærstu dögum í verki Heilags anda á þessum 2000 árum. Í gegnum allar þessar aldir, þá höfðu menn ekki séð nein merki þess, að landið yrði aftur afhent Gyðingum, sem höfðu dreifst um allan heim. En nú, 4000 árum eftir að Guð gerði sáttmálann við Abraham, safnaði Hann þjóðunum saman og lét þær afhenda stóran hluta af Palestínu til Gyðinga.“

Rees Howells lést þann 13. febrúar árið 1950.



Derwen Fawr, var aðalbygging Biblíuskólans í Swansea í Wales.



Bænasalurinn



Rees Howells og frú með syni sínum, Samuel



Rees Howells talar á útisamkomu